

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Fjallabyggð.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Fjallabyggð, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og einnig til verndar gróðri í sveitarfélaginu.

2. gr.

Takmörkun á búfjárhaldi og skilyrði.

Búfjárhald er almennt óheimilt í þéttbýli Fjallabyggðar. Í þessari samþykkt er með búfjárhaldi átt við nautgripa-, hrossa-, svína-, sauðfjár-, kanínu-, geita-, loðdýra- og alifuglahald, sbr. lög nr. 38/2013 um búfjárhald.

Búfjárhald er þó heimilt í þéttbýli í sérstaklega skipulögðum hverfum eða að fengnu sérstöku leyfi skipulags- og umhverfisnefndar og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) Umráðamaður búfjár hafi fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost, beitarland og fóður og að aðstaðan sé innan marka svæðis þar sem gert er ráð fyrir búfjárhaldi á skipulagi.
- b) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess sé jafnan í fyllsta samræmi við ákvæði laga og reglugerða um búfjárhald og velferð dýra. Þá er umráðamanni búfjár skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
- c) Búfé sé ávallt í öruggri vörslu umráðamanns þess, sbr. 5. gr.
- d) Umsækjandi hafi ekki orðið uppvís að brotum sem varða sviptingu leyfis til búfjárhalds í tvö ár fram að veitingu leyfisins.
- e) Umsækjandi hafi ekki verið sviptur leyfi til dýrahalds með dómi fyrir brot á lögum um velferð dýra nr. 55/2013, sbr. refsíabyrgð í 45. gr. laganna. Farið skal að niðurstöðu dómsins varðandi það hvort og hvenær viðkomandi getur hafið búfjárhald að nýju.

3. gr.

Umsókn.

Umsækjandi skal senda skriflega umsókn til skipulags- og umhverfisnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, tegund þess, hvaða húsnæði sé til umráða og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Telji skipulags- og umhverfisnefnd umsækjanda uppfylla þau skilyrði sem krafist er samkvæmt 2. gr. og gildandi lögum og stjórnvaldsreglum gefur hún út skriflegt leyfi á nafn umsækjanda. Leyfið er ekki framseljanlegt. Í leyfinu skal tilgreina til hvaða tegunda leyfi til búfjárhalds nær og hámarksfjölda búfjár. Leyfið er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma. Leyfi til búfjárhalds skuldbindur ekki bæjarfélagið til að sjá leyfishöfum fyrir beitolandi eða annarri aðstöðu til búfjárhalds. Afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar er háð samþykki bæjarstjórnar.

4. gr.

Beitolönd.

Umráðamenn búfjár sem hafa land innan þéttbýlis til afnota frá sveitarfélaginu skulu hafa landið girt gripheldri girðingu, sem nauðsynlegt er til vörslu þess búfjár sem innan hennar á að vera.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa til afnota lönd í eigu sveitarfélagsins til beitar skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í samningi fyrir beitolönd eru tilgreindar reglur um umgengni um landið.

5. gr.

Lausaganga og handsömun búfjár.

Öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlykja þéttbýliskjarna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samkvæmt fylgiskjali með samþykkt þessari er bönnuð. Gangi búfé laust innan girðinga skal umsjónarmanni búfjár tilkynnt um það, sé vitað hver hann er, og hann fenginn til að sækja gripina. Að öðrum kosti skulu starfsmenn Fjallabyggðar reka féð út fyrir girðingu. Þurfi að handsama og taka í vörslu fé skal farið eftir 34. og 35. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Við ítrekuð brot eða ef umsjónarmaður hefur ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga er heimilt að sekta fyrir áföllnum kostnaði og/eða svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds, ef um er að ræða eiganda búfjár utan lögbýlis. Um ráðstöfun búfjár fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

6. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 14. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

7. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Fjallabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Samþykktin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Fjallabyggð nr. 185/2011.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. ágúst 2018.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Rebekka Hilmarsdóttir.

Fylgiskjal.

Siglufjörður.



Ólafsfjörður.



B-deild – Útgáfud.: 10. september 2018